

**1. fundur skólanefndar vegna Undralands árið 2016, haldinn 25. febrúar 2016 í leikskólanum kl. 15:00. 9. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.**

Mætt til fundar: Elsa Ingjaldsdóttir, formaður í fjarvist Helga Jóhannessonar, Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir sem ritaði fundargerð, Halldóra Halldórsdóttir, leikskólastjóri, Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi foreldraráðs.

**Dagskrá:**

- 1. Ráðning nýs leikskólastjóra**
- 2. Starfsmannamál – Punktar frá Eyþóri**
- 3. Skýrsla leikskólastjóra**
- 4. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna

Gengið var til dagskrár

**1. Ráðning nýs leikskólastjóra**

Lögð fram ein umsókn sem barst vegna auglýstrar stöðu leikskólastjóra. Umsækjandinn er Ingibjörg B. Baldursdóttir, Hvammi 2, Flúðum.

Þann 15. febrúar sl. var umsækjandi kallaður í starfsviðtal til sveitarfélagsins en starfsviðtalið tóku sveitarstjóri, Jón Valgeirsson, varaformaður skólanefndar, Elsa Ingjaldsdóttir og Hrafnhildur Karlsdóttir, kennsluráðgjafi í Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Var minnisblað Hrafnhildar frá starfsviðtalinu lagt fram undir þessum lið.

Skólanefnd telur umsækjanda uppfylla auglýstar kröfur til starfsins, en Ingibjörg hefur hlotið starfsheitið leikskólakennari er með framhaldsmenntun á sviði stjórnunar auk annarrar framhaldsmenntunar.

Ekki verður annað séð á gögnum og úr starfsviðtali að umsækjandi uppfylli jafnframt aðrar matskenndar hæfniskröfur.

Skólanefnd leggur til að umsækjandinn, Ingibjörg B. Baldursdóttir, verði ráðin sem leikskólastjóri Undralands.

## 2. Starfsmannamál – Punktur frá Eyþóri

Skólanefnd er sammála um að þörf sé á að sveitarfélagið komi með einum eða öðrum hætti inn með meiri stuðning fyrir stjórnendur og starfsfólk.

Því leggur skólanefnd til að nú þegar verði settur á fót 3ja manna starfshópur með leikskólastjóra, fulltrúa skólanefndar og sveitarstjórnar til að skerpa á starfsmannahandbók leikskólans og verklagsreglum er lúta að bættu skipulagi innra starfs, starfsánægju og skyldum starfsfólks og stjórnenda.

## 3. Skýrsla leikskólastjóra

- ❖ Upphaf ársins einkenndist af mannráðningum, ekki var útlitið gott og í fyrstu sáum við ekki fram á að geta tekið við öllum nýju börnunum sem sótt hefði verið um fyrir. En sem betur fer þá lukkaðist þetta og fengum við þrjá nýja starfsmenn í upphafi árs og einn til viðbótar um miðjan janúar. Leikskólinn var loks orðinn fullmannaður og við tókum á móti sex börnum í janúar, einu í febrúar og er von á tveimur í viðbót núna í mars. Einn starfsmaður bætist svo í hópinn núna í mars. Fyrsti karlmaðurinn var ráðinn til starfa og erum við sérstaklega stolt af því. Allt starfsfólkið á skilið hrós fyrir góða vinnu, jákvæðni og gleði í starfi og hefur nýja fólkið okkar komið mjög öflugt til starfa svo eftir því er tekið.
- ❖ Endurmenntun og námskeiðshald hefur farið vel af stað á nýju ári. Við sendum fjóra starfsmenn á námskeið fyrir nýtt starfsfólk í leikskóla. Elma fór á ART-námskeið, Valdís tekur þátt í læsisstefnu leikskólans, Freyja fór á Bett-sýninguna í London, Halldóra fór á ráðstefnu um karlmenn í yngri barna kennslu. Deildarstjórar fóru í heimsóknir á tvo leikskóla til að kynna sér nýjungar varðandi undirbúningstíma.
- ❖ Það vantaði ekki verkefni hjá okkur á nýju ári. Í upphafi árs héldum við þrettándagleði, við komum saman í Hrunakrök tókum upp alla jólapakkana sem börnin gáfu leikskólanum, uppúr pökkunum komu bækur og spil sem hafa verið vel nýtt.
- ❖ Karladagurinn var undirbúinn og haldinn í upphafi þorra. Það var líf og fjör þennan dag eins og vera ber og margir karlar sem gáfu sér tíma með börnunum.
- ❖ Þorinn var blótaður þar sem víkingahjálmar, þorramatur og dansiball voru í aðalhlutverki. Það var gaman að sjá hversu dugleg börnin voru að smakka þennan framandi mat.
- ❖ Við héldum Dag leikskólans hátíðlegan og opnuðum okkar árlegu listaverkasýningu í búðinni (Samkaup Strax). Þar sungu börnin nokkur vel valin lög og fengu svo hressingu hjá henni Agnesi. Sýningin í ár er tileinkuð „sveitinni minni“.

- ❖ Bolludagur, Sprengidagur og Öskudagur eru merkisdagar en mest er þó spennan fyrir Öskudegi. Í ár héldum við okkar árlega Öskudagsball hér í leikskólanum og fengum svo pizzasendingu frá Kaffi-Sel. Dagurinn gekk vel og var það mat starfsmanna að betra hafi verið að halda ballið í leikskólanum þar sem að svo mörg lítil börn eru nú í leikskólanum. Foreldrafélagið hjálpaði okkur og sá um skemmtiatriði og gaf börnunum nammipoka.
- ❖ Kerlingadagurinn var svo núna á mánudaginn og var skemmtilegur að vanda.
- ❖ Bókasafnsheimsóknir eru núna í febrúar og mars. Við förum með börnin í litlum hópum svo að þau geti notið heimsóknarinnar sem best. Séra Óskar kemur svo í heimsókn til okkar í mars.
- ❖ Skólastarfið hefur einkenst af skemmtilegum vinnustundum, frjálsum leik og rannsóknarvinnu, útikennslan fer jafnt og þétt að aukast enda sólin farin að gleðja okkur.

#### 4. Önnur mál

Engin önnur mál tekin fyrir

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:45